

Ed.

160. Breytingartillaga

[85. mál]

við frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá Sigurvin Einarssyni.

3. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins, er nefnist bjargráðastjórn, skipa 5 menn: ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands, forseti Fiskifélags Íslands og 2 menn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sem kosnir skulu á fulltrúaráðsfundi sambandsins til 4 ára í senn.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, sem greiðist úr ríkissjóði.